



# Reglugerð bátaflokks



## 1. Almenn

- 1.1 Bátaflokkur skal starfa innan Björgunarsveitar Kjalar á Kjalarnesi.
- 1.2 Bátaflokkur hefur umsjón með slöngubát sveitarinnar og þeim áhöldum og tækjum sem honum fylgja.
- 1.3 Umsjónarmaður báts ber ábyrgð á að báturinn séu ávallt til reiðu fyrirvaralaust
- 1.4 Bátaflokkur sér um að gengið sé vel um bát og aðstöðu bátaflokks.
- 1.5 Stjórn sveitarinnar og umsjónarmaður báts skulu sjá til þess að flokksmeðlimir séu í sem bestri þjálfun í meðferð slöngubáts, séu staðkunnir sínu svæði og hafi þekkingu á tækjum bátaflokks.
- 1.6 Stjórn sveitar ber ábyrgð á því að félagar bátaflokks viðhaldi og bæti þekkingu sína með reglulegum æfingum og námskeiðum.
- 1.7 Umsjónarmaður sér til þess að í bátnum sé ítarlegur listi yfir þann búnað sem í honum er.

## 2. Notkun báta

- 2.1 Hafa skal samráð við formann sveitar og umsjónarmann báts ef óskað er eftir bátnum til notkunar. Skilja skal eftir orðsendingu í húsi þegar farið er á bátnum í ferðir og æfingar.
- 2.2 Umsjónarmaður og stjórn sveitar bera ábyrgð á að báturinn séu ekki notaðir til einkanota.
- 2.3 Bátaflokkur heldur:
  - a) Skýrslu um notkun báts.
  - b) Skrá yfir tæki flokksins.
- 2.4 Skal umsjónarmanni ávallt gert viðvart þegar komið er í land að loknum æfingum og ferðum. Einnig skal upplýsa hann um breytt ástand báts.
- 2.5 Stjórnandi báts skal hafa lokið slöngubát 1, hafa verið fullgildur og virkur félagi í minnst eitt ár og samþykktur af umsjónarmanni og stjórn.

Reglugerð þessi tekur gildi 1.september 2008 með aðlögunartíma.  
Breytt á stjórnarfundi í maí 2010.